

# NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Sent umhverfissráðuneytinu

Reykjavík 10. apríl 2003  
2003030002/016-0  
JGO/hj

## Fuglarannsóknastöð á Höfn í Hornafirði

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar á erindi undirbúningshóps að stofnun fuglarannsóknarstöðvar á Höfn í Hornafirði. Álit Náttúrufræðistofnunar, sem byggt er á minnisblaði frá Guðmundi A. Guðmundssyni fuglasérfræðingi við stofnunina er eftirfarandi.

Löng hefð er fyrir fuglaathugunum á Suðausturlandi og ber þar hæst rúmlega 60 ára samfelld skráning Kvískerjabræðra á fuglalífi í Örfum og nágrenni.

Þessi gögn eru ómetanleg og má vafalaust sækja miklu meiri vitneskju í þann brunn en komið hefur út á prenti til þessa. Háldán Björsson skrifaði mjög mikilvæga grein um athuganir sínar árið 1976: Fuglalíf í Örfum, A.-Skaft. – Náttúrufræðingurinn 46 (1-2): 56-104. Þar gerði hann almenna grein fyrir fuglalífi svæðisins og farfuglakomum.

Jafnframt athugunum á íslenskum fuglum hafa Kvískerjabræður skráð komur flækingsfugla í Örfum sem eru óvenjumiklar á landsvísi og var Háldán til skamms tíma sá einstaklingur á Íslandi sem séð hafði flestar tegundir fugla hérlendis.

Fuglaáhugamönnum hefur fjölgað á Suðausturlandi síðustu áratugi og hefur áhugi þeirra einkum beinst að leit að flækingsfuglum. Sú iðja er ágæt, en flokkast ekki undir vísindi. Starf þeirra hefur verið afar öflugt síðustu fimm ár og hefur haft áhrif langt út fyrir landshlutann. Má þar nefna mjög virka heimasíðu sem Félag fuglaáhugamanna á Hornafirði rekur (<http://www.galdur.is/fuglar/>). Þar er gerð grein fyrir nánast daglegum athugunum á svæðinu og annars staðar á landinu einnig, með hjálp fréttaritara víða um land. Félagið hefur haldið landsfundi fuglaáhugamanna tvisvar sinnum með góðri þátttöku víða að. Þetta starf hefur eflt mjög áhuga á flækingsfuglaskoðun og tengsl áhugamanna innbyrðis.

Hin ríka áhersla Félags fuglaáhugamanna á Hornafirði á flækingsfugla endurspeglast í hugmyndum undirbúningshóps um stofnun fuglarannsóknarstöðvar í Hornafirði.

Meginmarkmið þeirra eru tvö:

- (1) Langtímaathuganir og rannsóknir á erlendum flækingsfuglum, komu- og dvalartíma þeirra og lífslíkam hér á landi.
- (2) Alhliða rannsóknir á fuglalífi á Suðausturlandi í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands

Á Íslandi hafa sést 345 tegundir fugla. Hér eru um 72 tegundir reglulegra varpfugla og 28 tegundir til viðbótar hafa reynt hér varp. Til viðbótar eru 8-10 tegundir fargestar sem fara hér um vor og haust á leið

til og frá fjarlægum varp- og vetrarstöðvum. Nokkrar tegundir teljast árvissir vetrargestir hérlendis. Alls eru þessir ofangreindu fuglar sem talist geta til íslensku fánunnar aðeins þriðjungur þeirra tegunda sem sést hafa hérlendis (115) en flækingsfuglar 230. Flestar þeirra eða 179 (78%) hafa aðeins sést hér 20 sinnum eða sjaldnar og 55 (24%) þeirra einungis einu sinni.

Flækingsfuglakomur eru tilviljanakenndar og hafa lítið gildi fyrir viðgang íslenskrar náttúru, nema þegar það gerist að tegundir nema hér land í kjölfarið. Athuganir á flækingsfuglum hafa til þessa verið afar staðbundnar og tilviljanakenndar líka. Líklegt er að aðeins smá brot þess fjölda flækingsfugla sem hingað kemur sjáist. Kerfisbundnar athuganir á flækingsfuglakomum munu seint gefa af sér gögn sem miklu máli skipta, nema fyrir allra algengustu tegundirnar.

Fuglarannsóknastöðvar eru víða reknar erlendis, einkum þar sem umferð farfugla er mikil og starfsemi byggir oft á öflugum stöðluðum fuglamerkingum. Sums staðar er einungis um athuganir á ferðum fugla að ræða og talning á umferð fugla þar sem landfræðilegar aðstæður eru góðar og umferð þeirra er þétt. Slíkar talningar á umferð farfugla hafa aldrei farið fram á Íslandi á kerfisbundinn hátt, né heldur staðlaðar fuglamerkingar. Með góðu skipulagi má nýta slíka vinnu til vöktunar fuglastofna.

Fuglarannsóknastöð hefur aldrei verið rekin hérlendis. Hluti starfsemi Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn er líklega það sem kemst næst því. Löngu er tímabært að hefja rekstur fuglarannsóknastöðva hérlendis og ættu þær helst að vera nokkrar. Þetta frumkvæði Félags fuglaáhugamanna á Hornafirði og fleiri aðila þar er lofsvert og getur, ef rétt er að staðið, orðið til mikils gagns fyrir fuglarannsóknir á Íslandi. Æskilegt er að slík starfsemi sé rekin af áhuga og vegna kostnaðar er sjálfboðastarf nauðsynlegur þáttur. Það er hins vegar vænlegast til árangurs að áherslur í starfinu verði þannig að starfsemin geti skilað af sér bæði gagni og gamni. Áhersla á íslenska fugla ætti að vera í fyrirúmi en flækingsfuglar komi í kaubæti.

Náttúrufræðistofnun telur að Fuglarannsóknastöð á Suðausturlandi ætti að hafa það að meginmarkmiði að skrá og rannsaka varpfugla og farfugla svæðisins, en jafnframt aðrar fuglakomur. Stöðin ætti að sjá um og bera ábyrgð á að skrásetja allar tiltækar athuganir á fuglalífi Austur-Skaftafellssýslu á kerfisbundinn og aðgengilegan hátt.

*Eftirfarandi eru hugmyndir sem Náttúrufræðistofnun finnst hæfa sem verksvið Fuglarannsóknastöðvar. Verkefni þarf svo að sníða að vexti og mannafla, því ekki má færast of mikið í fang svo framhald verði á. Best er að byrja smátt og byggja upp eftir föngum.*

1) Reglulegar staðlaðar talningar á fuglum allt árið á nokkrum völdum stöðum, t.d. vaðfuglar á leirum, endur á vötnum og tjörnum, spörfuglar í gördum og trjálundum. Þessar talningar fari fram t.d. einu til tvisvar sinnum í viku á hverjum stað á fartíma en sjaldnar (mánaðalega) þar á milli.

2) Skráning varpfugla eftir 10x10 km reitakerfi og magngreining með sniðtalningum og punktmælingum innan reitanna.

3) Vöktun varpfuglastofna. Nokkur snið og punktar taldir árlega. Þessi skráning gæti t.d. verið að hluta til þar sem skógur er í vexti til þess að meta áhrif skógræktar.

4) Tíðar talningar (daglegar eða annan hvern dag) á umferð farfugla á fartíma vor og haust á góðum athugunarstað þar sem fuglar sjást koma af hafi (t.d. frá miðjum apríl til miðs maí að vorlagi og í ágúst að haustlagi).

5) Fuglamerkingar á staðlaðan hátt á völdum tímum.

6) Skráning á öllum fuglaathugunum svæðisins, þ.m.t. á flækingsfuglum.

7) Söfnun heimilda um fuglalíf og náttúrufar svæðisins.

8) Gerð fræðslu og kynningrefnis fyrir skóla og ferðamenn.

9) Miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir ferðamenn.

10) *Ársskýrsla með samantekt á athugunum hvers árs.*

Samskonar stöðvar þyrftu að vera í hverju hinna stóru kjördæma og æskilegt að þær væru tengdar Náttúrustofum sveitarfélaganna þar sem þær eru til staðar. Starfsemi væri í náinni samvinnu við fuglaáhugamenn svæðisins. Þær þyrftu að vera allt að 10-12 og samþætting í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Dæmi um svæði: Innnes, Suðurnes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Mývatn, Austfirðir, Suðausturland, Suðurland (t.d. Arnarbæli) og Vestmannaeyjar.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir eindregið með að þessi áhugi á stofnun Fuglarannsóknastöðvar á Höfn í Hornafirði verði virkjaður og með lagni reynt að stýra starfsemi hennar inn á þarfar brautir sem gagnast við skráningu og vöktun á íslenskri fuglafánu.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS